

Fundur starfshóps um eyðingu lúpínu

20. október 2014

Á fundi: Ari Jón Þórsson, Sævar R. Hallgrímsson, Árni Geir Ingvarsson, Magnús B. Jónsson
Bjarni Maronsson, sérfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins.

Dagskrá:

Eyðing lúpínu í Spákonufellshöfða

Gögn:

- Nokkrir punktar um eyðingu lúpínu, Bjarni Maronsson
- Eyðing Alaskalúpínu með plöntueitri – þéttleiki lúpínu
Magnús H. Jóhannesson og Anne Bau
[http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/c159f8242e63e6bd0025758a00302f11/\\$FILE/Ey%C3%B0ing%20alaskalupinu%20-%C3%BEettleiki%20lupinu.pdf](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/c159f8242e63e6bd0025758a00302f11/$FILE/Ey%C3%B0ing%20alaskalupinu%20-%C3%BEettleiki%20lupinu.pdf)
- Að hemja Alaskalúpínuna á Íslandi
Þorvaldur Örn Árnason
http://www.vogar.is/resources/Files/241_A%C3%B0%20hemja%20l%C3%BAp%C3%ADnu%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi.pdf

Fundargerð

Fundur haldinn kl 9.00 á skrifstofu sveitarfélagsins og farið í stutta skoðunarferð: Umræða varð um verkefnið að eyða lúpínu í Spákonufellshöfða. Bjarni Maronsson fór yfir það sem hann hafði tekið saman um lúpíneyðingu og fundarmenn ræddu einstakar úrlausnaraðferðir.

Hann sagðist hafa borið samantekt sína um lúpíneyðingu undir Borgþór Magnússon sem lengi hafi unnið með þessi mál. Hann hafi talið samantektina standast ágætlega.

Nokkrir punktar BM um eyðingu lúpínu:

- 1) Hafi lúpína ná útbreiðslu er erfitt að útrýma henni og getur tekið allnokkur ár, þó að því sé unnið markvisst. Fræ lúpínu getur lifað mörg ár í jarðvegi. Því þarf að vakta þau svæði, sem lúpínu skal útrýmt á og endurtaka þær aðgerðir, sem henta hverju sinni og á þeim tíma sem árangursríkastur er talinn.
 - a. Í umræðu kom fram að verkefnið geti varað í nokkur ár þar sem lúpína geti verið að koma upp af fræinu þótt plöntunni hafi að öðru leyti verið eytt.
 - b. Talið mögulegt að „kippa upp“ plöntum með rótum þegar um nýgræðinga er að ræða.

- 2) Sauðfé (og geitur) er sólgíð í ungar lúpínuplöntur. Séu þær bitnar jafn óðum og þær koma upp, drepast þær yfirleitt á fyrsta ári. Því er sauðfjárbeit góð leið til að halda lúpínu í skefjum og jafnvel útrýma henni. Eigi að útrýma lúpínu á litlum, afmörkuðum svæðum er best að girða þau af með öruggum girðingum eða nota færanleg hólff (færikvíar) til að hemja kindurnar. Beit þarf að hefja snemma vors eða um leið og lúpínan fer að taka við sér. Í lúpínunni eru efni, sem geta haft eituráhrif á taugakerfi kindanna. Því þarf að fylgjast vel með þeim og taka þær úr lúpínunni ef vart verður eitrunaráhrifa.
- Fram kom að helstu ágallar á þessari aðferð er að fátt fé er á Skagaströnd og óöryggi um að girðingar haldi. Taldir möguleikar á að fé sem fengið yrði að láni myndi síðan sækja inn á svæðið eftir að verkefninu lyki. Eitrunaráhrifum var lýst sem timburmönnum sem rynnu af fénu þegar það færi í annað fóður. Ekki vitað til að slíkt ylli varanlegum skaða.*
 - Þessi aðferð talin vænlegust í holtinu milli Réttarholts og Laufáss þar sem auðvelt væri að girða þar af nokkuð stórt svæði.*
 - Ýmsar umræður urðu um þessa lausn ss. að tjóðra geitur á lúpínusvæðum eða „sitja yfir ánum“ og halda þeim til beitar í lúpínubreiðum.*
- 3) Ekki er mikil reynsla af hrossabeit í lúpínubreiðum. Ýmislegt bendir þó til að hrossabeit, einkum síðla vetrar og á vorin geti flýtt því að hún hörfi. Stundum grafa hross eftir rótum plöntunnar. Auðveldara er að girða fyrir hross en sauðfé og því gæti verið eftirsóknarvert að nota beit hrossa til að eyða lúpínu.
- Rætt um möguleika á að nota „brúkunarhross“ í þessum tilgangi og rætt um að hrossin traðka mjög mikið niður og myndu væntanlega vinna á lúpínunni þannig ef þau éta hana ekki.*
- 4) Ungplöntur er best að slíta upp með rót í apríl- maí, meðan jörð er blaut. Þær má einnig slíta upp allt sumarið. Erfiðara er að slíta upp eldri og rôtarmeiri plöntur, einkum þegar jörð er farin að þorna að sumrinu.
- Rætt um hvernig sé að ná rótum. Magnús vitnaði í samtali við Hauk Magnússon sem framleiðir lúpínuseyði. Hann sagðist ekki mæla með að reyna að eyða lúpínu með því að rífa ræturnar upp. Það væri um það bil vonlaust verk því ræturnar væru það stórar og lúpínan héldi sér fast. Ekki væri hægt að reikna með að verð fengist fyrir rætur ef þær væru rifnar upp því Haukur ætti nægar birgðir.*
- 5) Plöntueitrið Roundup hefur verið notað á lúpínu með góðum árangri, 3 ltr/ha. Þá þarf að úða rétt fyrir eða um blómgun. Eitrið hefur þann ókost að næstu plöntur við lúpínuna sálast líka.
- Mikil umræða varð um kosti og galla eitrunar. Fram kom að þar sem hún hafi verið reynd hafi orðið „eyðimerkursvipur „ á landinu fyrst á eftir þar sem allur gróður hafi eyðst. Eitrun sé því vandmeðfarin.*
 - Eitrunaraðferðin talin góð í klettum t.d. í grjótnáminu þar sem lítill annar gróður verður fyrir áhrifum.*

- 6) Sláttur hefur skilað góðum árangri, sé slegið á tímabilinu frá 20. júní til miðs júlí, þegar plönturnar eru í háblóma. Þá er lágmarks forði næringar í rótum þeirra. Lúpínan er þá mjög viðkvæm fyrir slætti og hátt hlutfall plantna drepst. Slá skal eins nærri jörðu og mögulegt er. Gagnslítið er að slá plöntur uppi á miðjum stöngli.
- a. *Fram kom að áhaldahús/vinnuskóli hefur slegið lúpínusvæði upp af gamla tankastæðinu á höfðanum í nokkur ár og árangur af því er vel merkjanlegur þar sem lúpínan hefur hörfað þótt hún sé ekki alveg horfin.*
 - b. *Það kom fram að sláttur sé almennt aðgengilegasta aðferðin til að eyða lúpínu nema í grjótnáminu og holtinu milli Réttarholts og Laufáss. Þar þurfi að koma til aðrar lausnir vegna aðgengis í grjótnáminu og magns/þéttleika lúpínu vestan við Réttarholt.*

Fundi lauk kl 10.00

MBJ